Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, 2. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Íslendingasögur – Gissur Þorláksson – Kristnitaka

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-15, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

## 2. Hrafn á Eyri og Þorvaldur í Vatnsfirði.

Í byrjun 13. aldar bjó merkur höfðingi, Hrafn Sveinbjarnarson, á Eyri við Arnarfjörð, (nú Hrafnseyri). Hann var einn af ágætustu mönnum sinnar tíðar. Hann var góður læknir og læknaði mest með blóðtökum; einnig var hann dverghagur; – hann mat þó eigi störf sín til fjár. Einnig er hann talinn mestur íþróttamaður sinnar tíðar, mikill vexti og fríður sýnum. Hann var fróður í lögum og minnugur, vel máli farinn og allgott skáld – og yfir höfuð mikilhæfur lærdómsmaður.

Hrafn fór utan á ungaaldri og var með höfðingjum mikilsvirtur. Einn þeirra, Bjarni biskup í Orkneyjum, hélt lengi vináttu við hann og sendi honum eitt sinn góðar gjafir: hring, sem með mikilli list var grafin á mynd af Hrafni og nafnið Hrafn Sveinbjarnarson fyrir neðan; mátti því nota hringinn sem innsigli. – Einnig sendi biskup honum ágætan söðul og skrautklæði.

Hrafn gekk eitt sinn til Róm frá Noregi og heimsótti í þeirri ferð ýmsa merkismenn kirkjunnar. og keypti „helga dóma" og gaf fé sitt í þarfir kirkjumálefna. Í þessari ferð bað hann eitt sinn guð, fyrir verðleik hins helga Egidiusar, að hvorki veittist sér svo fjárhlutar þessa heims né virðing, ef það yrði sér að sálartjóni.

Heimili Hrafns á Eyri var fyrirmynd í ýmsu; þar voru húsakynni betri en annarsstaðar, þar var gestrisni mikil handa hverjum sem vildi; og borgunarlaust lét Hrafn flytja ferðamenn yfir Arnarfjörð. Einnig átti hann stórt flutningaskip á Barðaströnd og höfðu menn það til samgöngubóta yfir Breiðafjörð.

Um þessar mundir bjó Þorvaldur Snorrason í Vatnsfirði. Hann var mesti ójafnaðarmaður, grimmur og ósanngjarn. Fyrst framan af fór vel á með þeim Hrafni og Þorvaldi. En síðar urðu þeir ósáttir, og stafaði það mest af því, að Hrafn vildi eigi ræna með Þorvaldi hjá Lofti bónda á Mýrum í Dýrafirði. En hann vildi styðja Þorvald í því að sækja Loft að lögum á heiðarlegan hátt. Fór svo að lokum, að Loftur tregaðist ... að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ver í Dýrafirði fyrir ágangi Þorvaldar, og fór því að Eyri til Hrafns. Þetta mislíkaði Þorvaldi, þótti hann styrkja óvin sinn að málum, og gera sér erfitt að beita hann ójöfnuði.

Þorvaldur sýndi þingmönnum Hrafns mesta yfirgang, en Hrafn leiðrétti alt slíkt eftir föngum með stillingu. Þá tók Þorvaldur loks það ráð, að fara með flokk manna á hendur Hrafni. Hann kom að Eyri og lagði eld í bæjarhúsin, en konur báru vatn og sýru í eldinn og tóku fyrir brunanum. Kona nokkur í Dýrafirði hafði áður gert Hrafni vart við um ferð Þorvaldar og hafði hann því sent eftir þegnum sínum víðsvegar. Þeir komu nú á mörgum skipum inn Arnarfjörð svo Þorvaldur varð að hverfa frá. Hann reyndi þá að sættast við Hrafn og vildi fá sjálfdæmi. En Hrafn kvaðst enga afarkosti taka, og mundi sjást bráðum, hver betur stæði að vígi, er lið sitt væri komið. Þeir sættust með þeim skildaga, að Þórður Sturluson að Stað gerði um mál þeirra. Þorvaldi þótti gott að sleppa þannig, því að margir vildu drepa hann, en Hrafn vildi það eigi. Þegar Þorvaldur kom til Vatnsfjarðar eftir þessa sneypuför, sagði hann eigi rétt frá viðskiftum sínum við Hrafn. Honum þótti skömm að segja sannleikann. Þetta mál var á næsta þingi fulldæmt, því að þingmenn Þorvaldar báru sem einn maður sakir á Hrafn, þótt sökin eða sakir væru allar hjá Þorvaldi – þeir voru húsbónda hollir!

Næsta vetur rak hval ~~á land~~ á fjöru, sem Hrafn átti. Þorvaldur helgaði sér hann og fékk menn til að bera ljúgvitni og segja hann rekinn í landi Þorvaldar. Þeir Þorvaldur Hrani og Halldór bróðir hans, lögsögumaður lögðu það til, að Hrafn höfðaði þjófnaðarmál á hendur Þorvaldi og öllum þeim er neytt höfðu hvalsins með honum. Bæði fyrir þjófnað og ýms önnur smánarverk varð Þorvaldur sekur skógarmaður á Dýrafjarðarþingi og 9 menn aðrir (árið 1211).

Hrafn háði féránsdóm yfir þessum mönnum þá um sumarið samkvæmt lögum. Safnaði þá Þorvaldur að sér 100 manna, voru margir ófúsir að fylgja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skógarmanninum. Ásmundur hét fátækur fjölskyldumaður, þingmaður Hrafns.
Hann neitaði að fara móti ~~herra~~ góða sínum og velgerðamanni, en þá lét Þorvaldur drepa
Ásmund þarsem hann var að slá á teig fyrir augunum á konu hans er
vakaði þar, og bar á baki sér reifabarn, er hún fæddi á brjósti. – Slík
verk voru ~~(Þorvaldar mörg)~~ að skapi Þorvaldi.

Þorvaldur hélt nú liði sínu til Arnarfjarðar; Hrafn fékk njósn af ferð hans
og sendi eftir liði til Eyjólfs í Selárdal og Sturlu á Barðaströnd. Þá hafði Hrafn
látið gera virki kringum bæ sinn og var því Þorvaldi torsóttur. Þorvaldur
hafði eigi lengi verið að glíma við virkið þegar hann sá liðsafnað koma úr öllum áttum.
Eyjólfur var á mörgum skipum. Þorvaldur fór með menn sína til sjóar og vildi
taka í móti Eyjólfi. En hann, ~~sem~~ þá var þá nærri að landi kominn, og bauð mönnum
sínum að bíða fyrir framan vörina. Þorvaldur bað Eyjólf koma á land og tala við sig.
Eyjólfur kvaðst fátt eiga við hann vantalað. Hrafn gekk þá með menn sína úr virkinu og
í móti Eyjólfi. Þá þótti Þorvaldi ráð að hverfa frá vörinni. Eyjólfur og ýmsir aðrir vildu
drepa Þorvald umsvifalaust – eins og rétt var –, en það vildi eigi Hrafn. Sættir komu
upp og skyldi Þórður Sturluson og Þorvaldur Gissurarson gera um mál þeirra. Nú þóttist
Þorvaldur ánægður og talaði mjög fagurlega og af óheilum huga. Hann bjóst nú við að þeir
yrði eigi uppnæmir einum höfðingja, ef báðir væri að einu ráði. Þorvaldur át og
drakk hjá Hrafni í góðum fagnaði og allir hans menn. Fékk síðan lánaða hesta
undir menn sína til Dýrafjarðar; og Þorvaldur kvaddi svo Hrafn með kossum og snjöðu

Vorið eftir (1212). fór Hrafn suður til Borgarfjarðar á sáttarfund-
inn er ákveðinn var. Þangað komu allir þeir sem boðaðir voru, nema
Þorvaldur í Vatnsfirði. Þá var ákveðinn sáttafundur síðari hluta sumars
vestur í Fagradal. Þangað kom Hrafn en eigi lét Þorvaldur sjá sig
fremur en í fyrra skiftið. – Þannig rauf Þorvaldur sáttina að allra dómi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á langaföstu veturinn eftir fór Þorvaldur með 32 menn yfir Glámuheiði vestur í Arnarfjarðarbotn. - Þeir komu heim á bæi þar og bundu fólkið, svo eigi færu njósnir af þeim til Hrafns. Börn grétu af hungri og illri meðferð, því að þau voru bundin, en feður og mæður gátu eigi sint þeim, því að allir voru í böndum.

Hrafn var vanur að hafa vörð á heimili sínu hverja nótt. Þetta kvöld, er Þorvaldur kom af heiðinni, bað Hrafn menn sína að vaka, en þeir kváðu þess enga þörf, því að illfært væri milli bæja sökum óveðurs, og svo mundi enginn sækja þangað á helgri föstu. Hrafn bað menn sína þó halda vörð dyggilega þá nótt, en þeir svikust um það. Þorvaldur kom að Eyri um miðja nótt í versta kafaldshríð, og komst inn í virkið. Hann lagði eld í bæinn og vöknuðu ótrúir þjónar við illan draum. Hrafn gat eigi sofið þessa nótt. Hann bauð nú Þorvaldi gott sáttaboð, en því var engu gengt. Þá bauð Hrafn honum sjálfdæmi, ef hann og menn hans fengju grið. Þorvaldur þagði sem fyrr, en menn hans hreyttu úr sér heimskulegum fáryrðum. Konum og börnum var leyft útganga, eftir venju, en eigi af mönnum Þorvaldar. Enn bauð Hrafn Þorvaldi sjálfdæmi og að handsala honum utanför sína, og koma aldrei aftur til Íslands, ef honum þætti þá sinn sómi meiri en áður, og ganga til Róm, þeim báðum til sáluhjálpar. Þá bauð Þorvaldur Hrafni og mönnum hans útgöngu, ef þeir seldu áður öll vopn af hendi; - það gerðu þeir umsvifalaust. En er Hrafn gekk út, var hann handtekinn og síðan hálshögginn, og tveir af mönnum hans féllu höggnir (4. marz 1213). Síðan fór Þorvaldur ránshendi um bæinn. Fyrir þetta illverk var hann gerður sekur, og skyldi vera utan þrjú ár, ef hann færi á fund páfa og fengi syndalausn, ella skyldi útlegðin vera 5 ár. - En Þorvaldur kaus hið fyrra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## 3. Guðmundur biskup deilir við höfðingja.

Guðmundur Arason, sem kallaður hefir verið hinn ~~(verið hinn)~~ góði, ~~er~~ var fæddur 1161. Hann varð prestur 24 ára gamall og fékk snemma mikið lof fyrir bænrækni, meinlæti, hreinlífi og góðvilja. Trúðu því margir alþýðumenn, að hann væri helgur maður, sem gæti sært burt öllum illvættum og gert ýms kraftaverk. Sjálfur mun hann hafa trúað þessu og fór því um byggðir manna og vígði og helgaði marga hluti, t.d. fjöll, björg, vötn, brunna, o.s.frv. – Víða eru til „Gvendarbrunnar“ síðan og hefir haldist við trú á helgi þeirra og heilnæmi, alt fram á vora daga. Af þessu og góðgerðum sínum var hann kallaður hinn góði. Guðmundur var maður undarlegur í mörgu og mun erfitt að dæma hann rétt; hann var hógvær og lítillátur, góðhjartaður og líknsamur fátækum og vandaður maður í flestu. En hann hafði stóra galla, var þröngsýnn, þrár, einþykkur, hégómagjarn og oft mjög ósanngjarn og vanstiltur. Talsverða hæfileika hafði hann og „undra gáfum gæddur“.

Brandur Sæmundsson biskup á Hólum dó sumarið 1201. Rúmlega fimm vikum síðar hélt Kolbeinn Tumason kjörfund á Víðimýri og átti þar að velja biskupsefni. Í kjöri voru þeir Guðmundur Arason og Magnús prestur Gissurarson í Bræðratungu. Flestir kjörfundarmenn voru á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Norðurland og kalla (~~alltir sem einn mætti~~) flestir Guðmund, heimilis-
prest Kolbeins. Þessu réð Kolbeinn. Gissur Hallsson
hélt fram Magnúsi syni sínum, sagði (~~son sinn~~) hann reynd-
ari fjárgjalsmann og hefði meiri frænda og vinastoð
en Guðmundur. Kolbeinn hugði til alræðis þar nyrðra
og bjóst við, að Guðmundur mundi sér meinhægur, en
gefa sig mest að kennimannastörfum og bænrækni.

Guðmundur taldist undan kosningu í fyrstu, en
þó sótti hann sig við það síðar, enda sótti Kolbeinn þetta
fast. Þeir Guðmundur og Kolbeinn ~~settust~~ fluttust báðir að ~~á~~ Hólum
þetta haust. En ekki leið á löngu, ~~þar til~~ áður þeir fengu nóg hvor
af öðrum, því að báðir vildu öllu ráða. Kolbeinn hafði öll fjár-
forráð á Stólnum, en Guðmundur taldi það í sínum verka-
hring, eins og var.

Þennan vetur sendi Guðmundur til Sigurðar Ormssonar
að Svínafelli og bauð honum fjárforráð á Hólum. Sigurður fór til Hóla og ~~[illegible]~~
samdist ~~[illegible]~~ svo með þeim, að Sigurður yrði fjárgæslumaður stólsins
á næsta vori. Biskupsefnið sendi Páli biskupi í Skálholti
bréf með Sigurði, og í því bréfi kveðst hann hafa játast
undir ofraunlít, og átelur sig fyrir, að hafa ekki sótt áður
ráð til biskups eða fengið samþykki hans. Guðmundur
biður biskup að segja skjótt álit sitt um þessa kosningu,
hvort hann vilji kjósa sig til biskups eða einhvern annan.

Biskup sendir Sæmundi bróður sínum í Odda þetta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bréf til umsagnar, vill að hann ráði mestu um, hvort Guðmundur verði biskup eða eigi. Sæmundur vill helzt leiða þetta hjá sér, hafa engan veg eða vanda af því. Hann getur þess þó, að líklega sé það guðsvilji, að Guðmundur verði biskup og telur honum margt til kosta; en eitthvað fannst honum þó athugavert við hann og sérstaklega við kosningu hans; bað hann bróður sinn að taka eigi vanda af Norðlendingum: „Einráðir gerðust þeir að um kjörið, beri þeir nú ábyrgð fyrir hve verður“. –

Samkvæmt lögum var kosning Guðmundar ólögleg, því að kosningin átti að fara fram á alþingi og áttu þar biskupinn og lögrétta eingöngu að ráða biskupskjöri. Þetta vissi Guðmundur vel og fann, að einn af ríkustu höfðingjum landsins hafði þannig traðkað lögum og venjum þjóðarinnar, einungis til þess að efla vald sitt og ríki. En biskupinn í Skálholti er ekki því vaxinn að ráða einn fram úr þessu. Sótti hann því ráð til bróður síns, öflugasta og göfgasta höfðingjans í landinu. En hvað gerir hann? Hann þorir ekki að gæta sóma þings og þjóðar fyrir ofríki Kolbeins. – Sú tíð var nú liðin, þegar beztu og atkvæðamestu höfðingjar landsins töldu það helga skyldu að vernda landslögin og helgi og sóma alþingis.

Páll biskup og nokkrir aðrir höfðingjar, sem þykkjast kosningu Guðmundar. Hann fór utan til vígslu vorið eftir og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

settist á stólinn sem biskup 1202. – En brátt komst hann í deilur við höfðingja nyrðra.

Kolbeinn Tumason hafði prest nokkurn að sökum um fjármál. Biskup þóttist mega dæma prestinn, en Kolbeinn sótti hann að landslögum, því að þetta var veraldlegt mál, en ekki kirkjulegt. Þegar málið var dæmt á alþingi gekk biskup til dóms í skrúða sínum og fyrirbauð að dæma prestinn. En samt var málið dæmt. Þessu reiddist biskup og bannaði Kolbeini og dómendum í málinu alla guðsþjónustu. Þegar Kolbeinn ætlaði að framfylgja dómnum tók biskup prestinn til sín og bannfærði Kolbein (1206). og gengu þá vinir þeirra á milli og sættu þá. En það stóð ekki lengi, því að biskup komst í deilur við fleiri höfðingja um dómsvald yfir prestum. Kolbeinn kærði heimamenn biskups fyrir samneyti við sekan klerk og hafði þá til vandræða. Þannig gekk um tíma í eilífum málaferlum, forboðinum og bannfæringum. Á vorþingi 1208 komust á sættir með biskupi og Kolbeini, með þeim hætti: „að öll mál þeirra skyldi vera undir dómi erkibiskups" – Þá var fyrst málum Íslendinga skotið til útlendra dóma. Guðmundur biskup á því sinn hluta að þeim vandræðum sem hér urðu sökum tilhlutunarsemi útlendra valdsmanna. En erkibiskupinn dæmdi þó aldrei um þetta mál. –

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Deilan harðnaði þegar leið á sumarið. Kolbeinn hélt fram landslögunum en biskup útlendum kirkjulögum, sem hann og aðrir klerkar kölluðu „guðslög". Í sept. 1208 börðust þeir Kolbeinn og biskup og fékk Kolbeinn þar steinshögg og dó af því. Tók nú biskup þung gjöld af bændunum, sem verið höfðu með Kolbeini. Kölluðu þeir þetta rán, en þorðu eigi að neita, því að óspektarskríll fylgdi biskupi.

Páll biskup vildi stilla til friðar, en því tók Guðmundur illa og taldi hann í andstöðuflokk sínum, vildi að hann fylgdi sér í öllu brjálæðinu. Vildi Páll biskup, að Guðmundur byði góð boð fyrir víg Kolbeins og óspektir manna hans, en það vildi hann ekki þýðast.

Arnór Tumason, tók ríki í Skagafirði eftir bróður sinn. Vorið 1209 fóru þeir Arnór, Þorvaldur í Hruna, Snorri Sturluson o.fl. höfðingjar heim að Hólum með 840 manna. Þeir ráku biskups lýðinn þaðan, drápu versta óþokkana, en Snorri tók Guðmund með sér að Reykholti og sat hann þar næsta vetur í góðum fagnaði. Annan vetur sat Guðm. að Stað í Steingrímsfirði.

Um þessar mundir var mesta agaleysi á Norðurlandi í kirkjumálum. Biskup hirti ekki um lög landsins og höfðingjar virtu lítils kirkjulögin og boð eða bann Guðmundar. Guðmundur gerði forboðaði og bannfærði síðan menn hópum saman, jafnt klerka sem leikmenn. En flestir höfðu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þetta biskups brjálaði að engu. Prestana bannsöng hann fyrir samneyti við bannsungna höfðingja. Þetta gekk svo úr hófi, að enginn gat hlýðnast honum eða virt boð hans. Biskup bannfærði einnig menn í Skálholtsbiskupsdæmi. En það lét Páll biskup ekki taka til greina.

Erkibiskup frétti það, að Guðmundur biskup væri rekinn af stólnum og sendi 1211 sex helztu mótstöðumönnum hans áminningarbréf og bauð þeim ásamt honum til Noregs. En engir hlýddu þessu boði, nema Arnór Tumason, enda hafði hann mest gert í móti biskupi og kirkjulögunum; hann fór utan 1213, en Guðmundur komst ekki utan það sumar. Hann sigldi út tveimur sinnum og velktist í hafi 6 vikur og var borinn sjúkur af skipi, en út komst hann árið eftir. Biskup hitti ekki Arnór í Noregi, því að hann fór heim sama sumar; ekki fann hann heldur erkibiskup, því að hann var dauður. Dvaldist nú Guðmundur í Noregi í fjögur ár, til 1218.

## 4. Deilur milli Íslendinga og Norðmanna.

Sæmundur í Odda og Þorvaldur í Hruna lögðu lag á varning norskra kaupmanna á Eyrarbakka 1215. Þetta var samkvæmt lögum og landsvenju; en þó líkaði Austmönnum þetta miður. Árið eftir bar svo við, að Páll, sonur Sæmundar í Odda, var staddur í Björgvin og varð þar fyrir svo miklu áreitni af hálfu kaupmanna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og vina þeirra, [að hann] ~~[struck]~~ fór þaðan skyndilega, og ætlaði ~~ætlaði~~ til Þránd-
heims á fund Inga konungs, en drukknaði á þeirri leið.
Sæmundur reiddist ~~[struck]~~, þegar hann frétti lát sonar síns
og kendi kaupmönnum um dauða hans; fór því með
miklu liði til Eyrarbakka sumarið 1217 og tók mikil gjöld af
kaupmönnum, [þrjú] 3 hundruð hundraða. Þetta [líkaði] ~~mislíkaði~~
kaupmönnum [afarilla] og drápu, sumarið eftir, Orm Jónsson
á Breiðabólstað; ~~[struck]~~ einnig drápu þeir son hans og tvo menn
aðra. Ormur var saklaus og hafði reynt að sefa reiði
Sæmundar bróður síns; hann hafði einnig ~~[struck]~~ gert
þeim mönnum mikið gott, er drápu hann. Þetta
[þótti] ~~[struck]~~ mjög illtverk og vakti hatur gegn Norðmönnum.
Til hefndar fyrir þetta var Norðmaður einn dreginn
úr kirkju í Miðfirði og drepinn; [saklaus] þetta var [einnig] níðingsverk,
því að hver sá, sem flýði á náðir kirkjunnar, átti griða-
von, samkvæmt gamalli, kristilegri venju. — Þessar
deilur gáfu meðal annars Noregskonungi tilefni til
að festa það ráð með sér, að ná yfirráðum yfir
Íslandi.

Hákon Hákonarson kom til ríkis í Noregi 1217. Skúli
jarl Bárðarson, sem réð með konungi meðan hann var
ungur, tók málstað landa sinna, þá er hann heyrði um
viðskifti Odd[a]verja og Austmanna. Skúli hafði orð á því
að senda her til Íslands. Hann ætlaði að senda mörg skip

Einkaskjálasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hafði þegar ráðið farmenn til ferðarinnar, en margir vitrir menn töldu þetta ~~(ráðlaust)~~ óráð. Svo er sagt, að Snorri Sturluson, sem þá var í Noregi, með fortölu ~~hafi~~ fengi talið hann af því og enn fremur, að Jarl hafi beðið Snorra að koma Íslandi undir Noregskonung og hafi hann gert sig líklegan til þess, talið bræður sína mega sér einna mest í landinu, að Sæmundi í Odda frátöldum. Snorri hafði talið það víst, að bræður sínir mundu fylgja sér að málum. Úr þessu varð einskonar samningur milli Snorra, konungs og jarls. Skyldi Snorri senda Jón murt, son sinn, í einskonar gíslingu. En flest bendir til þess, að Snorri hafi aldrei ætlað sér að efna þetta loforð, heldur bragðið hér fyrir sig hyggindum og kænsku, til að sporna við því, að her yrði sendur til landsins. En um leið vann hann sér til sæmda í Noregi og ýmis metorð ~~kostnaðarlaust~~. Þegar Snorri kom heim var hannum misjafnlega tekið, einkum af ~~Oddaverjum~~ Sunnlendingum; þeir héldu að hann væri skipaður af Norðmönnum, kaupmönnunum til ~~varnar~~ verndar, (ætti að) vernda rétt þeirra fyrir yfirgangi Oddaverja. Þeir hæddust að metorðum þeim, sem Snorri hafði fengið í Noregi og hlógu dátt að lofdrápu hans um jarlinn og konunginn og töldu ~~(gjör)~~ hana mesta leirburð.

~~Árið~~ eftir fór Jón Snorrason utan og kom aftur ~~(eftir 3 ár)~~ að þremur árum liðnum og þá hafði Snorri ekkert gert til að koma land-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inn undir konung. Þetta bendir til þess, að það sé ekki satt, að Snorri hafi lofað beint að koma Íslandi undir Noregskonung, heldur ~~má ekki~~ gefið vonir um, að það geti tekist, en ~~að~~ hitt er líklegt að hann hafi lofað að styðja að því, að kaupmenn hefði frið á Íslandi, ~~má telja víst~~, enda höfðu þeir góðan frið eftir þetta. Og þess vegna hefir hann fengið lausn frá konungi. Enginn Íslendingur ~~hefir haft~~ á Sturlungaöld- ~~fyrr né síðar~~ unni íslenzku þjóðerni og þjóðfrelsi eins og hann, og honum var manna kunnugast um æfiferil þjóðar sinnar, frelsis hennar, og tilraunir útlendinga að svifta hana landsréttindum sínum. Öll rit hans sýna það, að hann var sérlega þjóðhollur maður, að hann hefur unnað ættjörðu sinni ~~að hann var~~ og var sannur Íslendingur, sem ekki gat svikið föðurland sitt og þjóð sína, eða stutt að því á nokkurn hátt, að hún misti neitt af fornum réttindum í hendur á útlendu valdi.

## 5. Hrakningar Guðmundar biskups.

~~Nú skildi við~~ Þess var áður getið, að Guðmundur biskup var í Noregi. Hann kom til Hóla úr utanför sinni 1218 og tók þá pilta heim á staðinn og lét kenna þeim. En þangað safnaðist einnig mikill sægur af förumannalýð og letingjum. Menn niddust á brjóstgæðum ~~biskups~~ hans og söfnuðust að honum. Á stóln-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um var mikil óregla og eydsla og fráununalegt fyrirhyggjuleysi. Þar varð brátt matarlaust og var þá sent eftir mat til efnaðra bænda, en lítið talað um borgun fyrir. Arnór Tumason vildi hreinsa hérað sitt og fór með marga menn til Hóla. Þaðan rak hann biskupslýðinn, námssveina og kennara, en tók Guðmund höndum og hafði í varðhaldi til næsta vors. Þá ætlaði Arnór að flytja biskup beina leið til Noregs (1219) og taldi slíkt landhreinsun. En Eyjólfur í Flatey á Breiðafirði náði biskupi á Hvítárvöllum og hafði hann með sér vestur. Arnóri þótti óráðlegt að elta Eyjólf; hann hafði tekið ~~hann~~ biskup úr tjaldi á náttarþeli og vissu menn ekki, hverja leið Eyjólfur hefði farið, út Mýrar eða Langavatnsdal. Vorið 1220 kom biskup~~inn~~ norður og settist á stólinn ~~([illegible])~~ eins og ekkert hefði ~~[illegible]~~ í skorist. Það sumar fór biskupinn um sveitir þar nyrðra og voru margir lausungar menn og þurfamenn með honum. Hann og lýður hans lifði á snöpum og snikjum og molum þeim, sem féllu af borðum bænda ~~([illegible])~~. Þótti mörgum bændum hann þungur á fótinn það sumar og kærðu því þetta fyrir héraðshöfðingjum. Arnór og Sighvatur á Grund söfnuðu brátt liði og börðust við biskup og lýð hans á Helgastöðum í Reykjadal (29. og 30. ág. 1220). Lýðurinn tvístraðist, en sjálfur flýði hann suður í Odda og var þar næsta vetur.

Sumarið þar á eftir ferðaðist Guðmundur biskup um Borgarfjörð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og þar helgaði hann margt. Um haustið (1221) fylgdi Þórður Sturluson honum til Hóla og setti hann á staðinn. Úr öllum áttum drífu féramenn og lausamenn til biskups, eins og áður og ölmusugæði hans voru sem fyr nálega takmarkalaus. Sumarbúið gékk brátt upp. löngu fyrir jól. og var þá sent eftir bjargræði til bænda~~nna~~.

Þetta sumar vildi Tumi eldri, sonur Sighvats Sturlusonar, fá mannaforráð, taka við goðorði því er Sigurður Ormsson hafði gefið honum, en fengið föður hans til forráða, þar til Tumi væri fullorðinn. En Sighvatur vildi ekki láta neitt af ríki sínu. Þetta sumar fór Arnór Tumason utan og skipaði Þórarni, syni Jóns Sigmundarsonar, héraðið. Hann var ungur og óreyndur höfðingi. Þetta vissi Tumi. Fór hann þá til bænda í Skagafirði og vildi helzt verða fyrirmaður þeirra ~~þar~~ kvað hann matarlítið á Hólum og mundu biskupsmenn gera þeim ónæði, þegar þar væri orðið bjargarlaust og það því fremur, sem ~~þeir~~ bændur hefði öngvan fyrirliða [þar sem] (Þórarinn) [var]. Sendi þá bændur biskupi orð og kváðust ekki vilja fjárauðn á staðnum og höfðu í hótunum við hann. Þetta var fyrir jólaföstu. Biskup þorði ekki að vera á Hólum og fór með alt sitt lið til Málmeyjar, en Tumi settist að á Hólum og þóttist nú vera héraðshöfðingi. Biskupsmenn fóru

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~fóru~~ til Hóla (4. febr. 1222) og drápu Tuma á náttarþeli, þó án vilja biskups. Flýði nú ~~Guðmundur~~ biskups út í Grímsey: En um vorið fór Sighvatur Sturluson og Sturla sonur hans þangað með 360 manna, og drápu þeir marga af mönnum ~~hans~~ biskups, en sendu hann sjálfan til Noregs, og þar var hann til 1226.

## 6. Viðskifti Sturlunga og Vatnsfirðinga.

Sturla, sonur Sighvatar á Grund tók við erfðagoðorði Sturlunga 1221. Hann var fæddur í Hjarðarholti 1199. Sturla settist á föðurleifð sína Sauðafell og ~~giftist~~ kvongaðist (1223) Sólveigu, dóttur Sæmundar í Odda. Sagt að hún væri ein fegursta kona landsins. Og svo virðist, sem Snorri í Reykholti hafi litist vel á hana. En Sturla frændi hans varð þar hlutskarpari og fékk hennar. Snorri hafði áður skilið við Herdísi og haft frillur. Tók hann nú til sín Hallveigu, dóttur Orms Jónssonar Breiðbælings, en ekkju ~~eftir~~ Bjarnar Þorvaldssonar frá Hruna; hann gerði helmingafélag við hana, en hún var einhver auðgasta kona í landinu, átti um 8 hundruð hundraða, eða viðlíka mikla fjármuni og ~~Herdís~~ fyrri kona hans. Börn Snorra og Hallveigar, dóu ung, en mörg börn átti hann með ýmsum konum. Þrjú frillubörn hans eru nafnkunnust: Órækja, Ingibjörg og Þórdís.

hver hin

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um þessar mundir ~~giftist~~ kvæntist Þorvaldur í Vatnsfirði Þórdísi, dóttur Snorra Sturlusonar (1224). Þorvaldur átti þá tvo uppkomna syni, Snorra og Þórð. Þessi árurðu synir Hrafns frá Eyri fyrir miklum ágangi af hálfu Þorvaldar, og gátu þeir ekki reist rönd við honum. Gáfu þeir því Sturla Sighvatssyni goðorð sitt á Vesturlandi gegn því, að hann tæki þá í vernd. Jafnframt færðu þeir bú sitt suður í Dalasýslu.

Eftir að Sturla Sighvatsson fékk Sólveigar, var jafnan fátt með honum og Snorra í Reykholti. Sumarið 1228 fór Snorri vestur í Dali og fékk þar marga bændur til að skiljast við Sturla, en segjast í þing með sér. Í þeirri för var Þorvaldur í Vatnsfirði. Hélt hann síðan á leið til Vatnsfjarðar; hann gisti á ~~bæ einum í Dölunum og~~ Gillastöðum í Króksfirði, þangað komu Hrafnssynir og brendu hann inni; þannig hefndu þeir föður síns. Sturla Sighvatsson bauð sættir fyrir Hrafnssonu, en Þorvaldssynir vildu engum ~~engin~~ sanngjörn boð þiggja, því að þeir voru mestu ójafnaðarmenn.

Veturinn eftir komu Þorvaldssynir að Sauðafelli á nóttarþeli með 50 manna og gerðu þar ~~(miklum)~~ ~~(mikið ill með miklum)~~ ~~hávaða~~ hin mestu illvirki. Þeir óðu inn í svefnskálann og hjuggu þar á báðar ~~hliðar~~ nendur, til fáklæddra og vopnlausra manna í rúmunum. Særðu þeir nálega alla, sem inni voru, bæði konur og karla og drápu suma. ~~sendumenn og höfðu aðra ókynjti í frammi.~~ Sólveig húsfr[eyja] hafði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá fyrir skömmu fætt barn. Þeir komust inn í svefn-
hús hennar með brugðnum sverðum og blóðugum og
hristu að henni. Sögðu þeir að þetta væri þau vopn,
er þeir hefðu litað með „lokkum á honum Dala-
Frey". (Sturlu) Hún var ~~hraust~~, stillt og vitur kona, og þoldi
því furðanlega slíka meðferð, þótt hún lægi í blóð-
böndunum. – Lífi Sturlu náðu þeir eigi, því að þessa
nótt var hann ekki heima, en öllu spilltu þeir eða rændu,
sem þeir komu höndum á.

Þorvaldssynir náðu sættum við Sturlu Sighvats-
son, en þungar sektir guldu þeir (1230). En tveim árum
síðar rauf Sturla sættina og drap þá báða, er þeir
fóru að heimboði til Snorra í Reykholti (1232). Þá
var Einar, sonur Þorvalds og Þórdísar, barn að aldri
og tók arf eftir hálfbræður sína. Snorri hafði forsjá
með honum, meðan hann var ungur og setti Órækju
son sinn yfir goðorð Vatnsfirðinga ~~Vatnsfjarðarhérað~~. Til Órækju
safnaðist mikill óþokkalýður og óspektarmenn og höfðu
þeir margt misjafnt í frammi. ~~Í Vatnsfirði var ætt~~
~~ísparað og~~ Varð þar brátt matarlaust í Vatnsfirði, eins og á Hólum.
En Vatnsfirðingar rændu þá bjargráði frá bændum
og þóttu ~~ránsgjarnir og~~ mjög ófriðarsamir. Órækja lét
drepa Odd Álason, tengdason Hrafns á Eyri, ~~sak~~-
lausan; hann var ágætismaður. Þetta var af rógi vond-
ra manna, en Órækja var trúgjarn. Hrafn, er deildi
við Staða-Árna, og síðar verður nefndur, var sonur Odds.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hákon gamli dó 1263 og tók þá ríki Magnús sonur hans og lét hann Gissur hafa þau völd á hendi, er hann áður hafði haft. Marga óvinátti Gissur; meðal þeirra var Þórður Andrésson skæðastur, enda sýndi bæði hann og bræður hans Gissuri fjörráð. Loks neyddist Gissur til að láta drepa hann 1264. Var nú Gissur orðinn gamall og þótt hann hefði glæsileg völd, var líf hans þó fremur gleðisnautt. Hann gaf þessi árin mikið fé til að stofna klaustur að Reynistað, og hugði að láta af hendi völd og vanda og ganga í klaustur; — þar vildi hann lifa síðustu lífsdagana í friði, sættast við guð og menn eftir fallvalt og óróasamt líf. — En áður en hann fengi því framkomið dó hann, 1268, sextugur að aldri.

## 2. Breytingar á landslögum.

Árið 1271 sendi Magnús konungur hingað nýja lögbók, sem kölluð hefir verið Járnsíða. Þeir Sturla Þórðarson, Þorvarður Þórarinsson og Indriði böggull, komu út með bókina, og átti Sturla mikinn þátt í samsetning ~~bókarinnar~~ hennar fyrir konung. Til eru sagnir um aðra lögbók frá 1265, og hefir hún eigi verið samþykkt á alþingi. Járnsíðulög voru að mestu sniðin eftir norskum lögum, og ~~þeirri lögbók~~ að nokkru eftir lögum Íslendinga frá þjóðveldistímanum; ~~sem „Grágás" hét~~ Járnsíða mætti megnri mótspyrnu á alþingi 1272, en var þó að lokum samþykkt að mestu leyti; — með henni er konungi Norðmanna játað „þegngildi", og þá er lögsögumannsembættið lagt niður, en í þess stað kemur lögmaður. Þá höfðu verið samtals 32 lögsögumenn á Íslandi, og eru þessir merkastir: Hrafn Hængsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~176~~

(~~sættust~~ þ. e: Hrafn Ketilsson, hængs) frá 930-949. Þorkell máni frá 970-984, Þorgeir Ljósvetningagoði (985-1001), Skafti Þóroddsson (1004-1030), Markús Skeggjason (1084-1107), Gissur Hallsson (1182-1200), Styrmir fróði (1210-1214) Snorri Sturluson, Ólafur hvítaskáld og Sturla Þórðarson. Seinastur lögsögumaður var Þorleifur hreimur Ketilsson, kosinn 1271, þá í þriðja sinn. –

Eftir dauða Gissurar jarls voru tveir menn skipaðir umboðsmenn konungs yfir landinu: Hrafn Oddsson og Þorvarður Þórarinsson. En Sturla Þórðarson var skipaður fyrstur lögmaður á Íslandi; nokkru síðar urðu lögmennirnir tveir og svo var um margar aldir.

Íslendingar voru óánægðir með Járnsíðu og neyddist því Magnús konungur lagabætir, til að ~~senda~~ láta semja nýja lögbók. Jón Einarsson lögmaður (hafði áður verið lögsögumaður) og Loðinn leppur (norrænn aðalsbóndi) komu með þessa lögbók 1280, og kallaðist hún Jónsbók, eftir Jóni, sem flutti hana. Magnús lagabætir dó sama vorið (1280). Eftir harðar deilur var Jónsbók samþykkt á alþingi (1281), og hefir gilt hér á landi í margar aldir og sumt í henni er enn í fullu gildi. Á þessu þingi skiftust þingmenn í þrjá flokka um bókina. Árni biskup Þorláksson og klerkar voru mjög óánægðir með bókinni því að þeim þótti hún koma í bága við kirkjulögin. Bændur og höfðingjar vildu að vísu samþykkja hana ~~bókina~~, en breyta ýmsu í henni hér og þar. En Loðinn leppur og handgengnir konungsmenn, sem höfðu fengið herra titil o.s.frv. hjá konungi,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vildu samþykkja lögin öll breytingalaust. Biskup vildi eigi, að konungur veitti neitt yfir þeim málum, er honum þótti kirkjan eiga að ráða t.d. um ~~villukenningar~~ það, er heyrði til villu, sjálfsmorð, óbótamál, kvennagiftingar, arftökur þeirra kvenna, er „legnar væru í föðurgarði", né þeirra, er giftast á laun, um karlmenn, er ~~giftast~~ kvongast án ráða frænda ~~[illegible]~~, um tíundaskift, um „afgjafir helgra daga veiða", um það hvenær fé sé rekið af afréttum, og eigi vildi hann, að konungur mætti veiða fálka, hvar sem væri, endurgjaldslaust. Bændur og aðrir báru upp í lögréttu skrifaðar breytingatillögur við ýmsar lagagreinir bókarinnar. Þá varð Loðinn leppur hamslaus af reiði og kvað búkarla gera sig digra, er þeir vildu skipa lögum í landi, sem konungur einn ætti að ráða. En Íslendingar sögðust eigi samþykkja lögin öll breytingalaust, og tefja með því rétti landsins. Loðinn sagði, að slíkar breytingar gætu fengist síðar, ef nauðsyn þætti, þótt bókin öll væri samþykt á þinginu! Loks var bókin mestöll samþykt með lófataki, nema af Árna biskupi og 9 mönnum öðrum. Loðinn kallaði þá landráðamenn og stefndi þeim utan. Þá urðu þeir fegnir að mýkja sig og lofa bót og betran, og með því sluppu þeir undan hegningu konungsvaldsins.

~~Eftir~~ Samkvæmt lögbókunum: Járnsíðu og Jónsbók, var landinu skift í þing eða sýslur; þau voru samtals 12. Embættis-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

menn konungs völdu menn úr hverju þingi til alþingissetu

og voru því jafnan ~~nefndir~~ kallaðir nefndarmenn, því að þeir voru nefndir af valdsmanni konungs. ~~Og voru þeir~~ samtals 84 eftir Jónsbókarlögum. Biskupar, lögmenn, sýslumenn og „handgengnir" menn, sátu einnig í lögréttu. ~~Allir voru skyldir að ríða til alþingis endurgjaldslaust~~. Lögmenn og sýslumann nefndu ~~4~~ þrjá menn úr hverju þingi til alþingis, eða 36 menn og áttu þeir sæti í lögréttu. Alþingi skyldi sett árlega 29. júní og standa að minsta kosti yfir í 14 daga.

Margir kaflar í Jónsbók voru teknir úr Grágás og Járnsíðu. Þessir þættir eru í bókinni: Þingfararbálkur, Kristindómsbálkur, konungserfðir, þegnskylda, mannhelgi, erfðabálkur, landabrigðabálkur, landsleigubálkur, kaupabálkur, farmannalög, þjófabálkur, og réttarbætur.

Eftir Jónsbók er lögmaður æðsti dómari í landinu; mátti stefna málum til lögmanna í héraði. Þannig gátu málin fengið fullnaðar úrskurð í héraði; stórmál voru þó látin fara til alþingis. Þar nefndi lögmaður menn í dóm með sér og samþykti hann dóm lögréttumanna. Einnig mátti skjóta málum til konungs. Sýslumenn nefndu menn í dóma í héruðum, og var (~~hann~~) sýslumaður þar sama sem lögmaður í lögréttu. Héraðsdómum mátti skjóta (~~til lögm~~) undir úrskurð lögmanns eða lögréttu.

Oft voru sýslumenn færri en þingin eða sýslurnar, því að hver þeirra mátti hafa fleiri en eitt þing til umráða. Þeir voru konunglegir embættismenn og nefndir af umboðsmanni konungs (hirðstjóra).

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

179

það áskildu Íslendingar sér, að sýslumenn væru af ætt goðanna, er goðorðin hefðu forðum gefið upp, en oft mun þó hafa borið út af því, að slíkum loforðum væri fylgt. Sýslumenn gættu laganna, tóku og geymdu sekamenn og létu svo hegna þeim. Þeir heimtu sektarfé og konungsskatta, undir umsjón hirðstjórans, eða umboðsm. hans. Sýslurnar tóku þeir á leigu og borguðu konungi ákveðið árgjald. – Þeir héldu leiðarþing eins og goðarnir áður gerðu, og þeir litu eftir óspektarmönnum og flökkumönnum í héruðum, lögðu verð á kaupvöruna og höfðu umsjón með vog (og) máli og stiku, o.s.frv.

## 3. Staðamál.

Árni biskup Þorláksson, sem fyrr er nefndur, var sonarsonur Guðmundar gríss á Þingvöllum, og fæddur 1237. Hann var vitsmunamaður í betra lagi, vel lærður, einbeittur, ráðríkur og ~~með~~ viljasterkur. Þessum miklu hæfileikum beitti hann um langan aldur í þarfir kirkjunnar, til að losa hana undan yfirráðum „leikmanna“ (höfðingja og stórbænda) og veraldlega valdsins. Á yngri árum sínum var hann við nám erlendis, og batt svo æfilanga vináttu við hinn meinhæga og friðsama konung, Magnús lagabæti. Hann varð biskup 1270. og á alþingi það ár flutti hann þann boðskap frá erkibiskupi, að bændur skyldi selja kirkjur með eignum þeirra á biskups vald. Þessu tóku bændur og höfðingjar illa, því að þeir réðu flestir kirkjum sínum að erfðum. Nokkru síðar lét hann dæma á sitt vald staðina Odda, Hítárdal og Vatnsfjörð. Þá hófust hin svo nefndu: Staðamál.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

160

og er hann af þeim deilum nefndur Staða-Árni. Aðalforingi bænda var Hrafn sonur Odds Álasonar, er Órækja lét drepa, fæddur um 1226. Hann var af hinni góðkunnu „Egraætt" og einsog ætt-menn hans hinn mesti hæfileikamaður og einarður. Frá unga aldri hafði hann tekið þátt í málum manna og verið í mörgum bar-dögum, en sloppið þó ómeiddur í gegnum illar óeirðir Sturl-ungaaldarinnar. Um þessar mundir bjó hann í Stafholti og var kona hans Þuríður dóttir Sturlu Sighvatssonar. Hrafn vildi jafnan styðja réttindi þjóðarinnar, en Staða-Árni hugsaði mest um hagsmuni kirkjunnar, hvað sem frelsi og rétti þjóðarinnar leið. Hann vildi leggja þjóðfrelsið í sölurn-ar fyrir þroska kirkjuvaldsins. Biskup bar jafnan fyrir sig „Guðs lögin", en Hrafn aftur landslögin.

Árni biskup breytti mörgu skipun fyrri biskupa. Hann lét grafa þau börn utan kirkjugarðs, sem eigi höfðu áður hlotið skírn, en áður voru þau grafin fjarri vígðum reit, hjá óbótamönnum. Þótti oft reimt í slíkum stöðum og sáu menn þar ýmsar illar sjónir. Biskup taldi þessi börn saklaus og sagði að þau erfði guðsríki. Sú var almenningsvenja áður, að „bera eigi þær konur í kirkju", er dáið höfðu af barns-burði, ef þær voru ógiftar, en biskup bauð að bera eins þeirra lík í kirkju, sem giftra kvenna, svo framarlega sem þær væri í sátt við kirkjuna; en ganga skyldi kona á undan líkinu í kirkjunni, með logandi ljós í hendi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Veturinn 1274 fór biskup um Borgarfjörð í kirkjulegum

erindum, og þáði ágæta veizlu af Agli bónda Sölmundarsyni í Reykholti. Egill var kvæntur og átti 10 börn, en af því að hann var „Súbdjákni" að vígslu, þá þröngvaði biskup honum til að skilja við konu sína. Þannig rauf hann fleiri hjónabönd með harðri hendi og litilli tilfinningasemi.

Nýjan kristinrétt samdi biskup og fékk hann tekinn í lög á alþingi 1275, fyrir biskupsdæmi sitt. Kirkjulög þessi veittu biskupum meira vald en þau, er áður giltu. — Þetta sama ár hvatti hann mjög Íslendinga til krossferðar að Jórsölum. Og um þetta leyti bannfærði hann Þorvarð Þórarinsson og forboðaði aðra.

Meðan Magnús konungur lifði, miðlaði hann málum milli bænda og biskups, en eftir dauða hans (1280) þrengdi mjög að Staða-Árna. Eiríkur „prestahatari" var barn að aldri, þegar hann kom til ríkis. Móðir hans og ríkisráðið höfðu lengi stjórnina á hendi, og varð þá erkibiskupinn, Jón rauði og ~~2~~ tveir biskupar með honum að flýja úr Noregi; gerðu Norðmenn uppreisn gegn kúgunarvaldi klerkanna og barst þessi alda út til Íslands. Hrafn var í Noregi um þessar mundir og kom til Íslands (1283) með konungsbréf fyrir því, að bændur skyldi ~~hefðu~~ hafa forráð kirkna sinna. Þá kom hik á Staða-Árna, en Runólfur ábóti í Veri, eggjaði hann fast til að „slakka eigi á klónni". Höfðingjar tóku staðina á sitt vald (1284), sem biskup áður hafði haft undir sig og lá þá við sjálft, að hann yrði sjálfur handtekinn. — En Hrafn hlífði honum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~1282~~

Þá lét biskup síga undan um tíma, því að hann var gætinn og hygginn maður. Tveimur árum síðar bannfærði biskup Hrafn í annað sinn og 4 (fjóra) eða 5 aðra höfðingja.

Árið 1286 varð Norðmönnum hrætt um, að Svíar mundu herja í Noreg. Ríkisráðið sendi þá hingað Guðmund nokkurn prest Hallsson með bréf til landshöfðingjanna, þar á meðal biskups, og ~~vart~~ var þeim skipað, að senda 40 menn úr hverjum landsfjórðungi til herþjónustu í Noregi; einnig voru allir handgengnir menn kallaðir út til landvarnar í Noregi. Árni biskup hvatti mjög Sunnlendinga í þessa för og bjóst við að ná þá fremur hylli konungs sér til styrkings móti bændum. En höfðingjar tóku þessu herboði þunglega og Hrafn vann af alefli að því, að enginn færi utan í þessum erindum. En ekkert varð úr stríðinu og engir fóru héðan út. Biskup hlaut konungshylli, en höfðingjar miður og áttu þeir því erfiðara.

Konungur og erkibiskup stefndu þeim Hrafni og Árna utan út af staðamálunum og fóru þeir báðir utan 1288. Hrafn var bannsunginn af klerkum í Noregi. Þá fór Eiríkur konungur herferð gegn Dönum og var Hrafn með honum. Hann varð sár á fingri og skeytti eigi um sárið og það dró hann til dauða; en áður en hann dó var hann leystur úr banni. Hrafn dó í nóv. 1289 nálega hálf sjötugur og hafði verið hið mesta mikilmenni.

Eftir dauða Hrafns voru bændur foringjalausir. Biskup tók því staðina aftur í sitt vald (1291). En ófriðnum milli biskups og bænda lauk þó eigi fyrr en 1297 með sáttagerð. Var sú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(sátt) gerð milli konungs og biskups, at höfðingjar ~~halda~~ skyldi halda þeim stöðum, „er þeir ætti helming í heimalandi staðarins eða meira, en ef kirkjan ætti (~~helming~~) meira en helming í landi, skyldi staðurinn hvergi undir forræði biskups". — Biskup dó sama ár (1297) 60 ára gamall. Þannig náði Staða-Árni miklum eignum undir kirkjuna, þótt eigi fengi ~~hann~~ hann allar sínar kröfur og óskir uppfylltar, og lagði grundvöll undir það kirkjuvald, sem um langan aldur fjötraði þjóðina andlega og líkamlega, engu miður en konungsvaldið.

B.Þ.

## 4. Konungsvaldið. Sáttmálinn rofinn.

Þegar Hákon konungur háleggur kom til ríkis eftir bróður sinn Eirík prestahatara 1299, sendi hann nokkru síðar (1301) tvo norska menn í lögmannsembættin hér, Bárð Högnason og Þórð af Bakka. Þeir dvöldust hér að eins eitt ár, því að Íslendingar ráku þá af höndum sér. Konungur sendi einnig þetta ár norskan aðalsmann, Álf úr Króki, og átti hann að fá Íslendinga til að hylla konung og taka við útlendum valdsmönnum. En Íslendingar neituðu harðlega að hafa aðra lögmenn, en þá, sem þeir sjálfir kysi af sínum beztu mönnum. Krók-Álfur rógbar Íslendinga við konung og kom þó aftur (1305) til Íslands og var þá skipaður hirðstjóri yfir Norður- og Austurland. Hann hafði ýmsar kröfur af hendi konungs, t.d., at hver „leikmaður" borgaði eina lalin af hverju hundraði, er hann ætti.

Krók-Álfur gekk hart að Íslendingum og hafði ýmsan ójöfnuð í frammi, en það þoldu Norðlendingar eigi og gerðu að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðkonum á Hegranesþingi; þar gerðu strákar og lausingjar ólæti mikil og háváða svo, að Alfur varð hræddur og bar sig eigi vel. Þórður Hallson, höfðingi á Möðruvöllum, hjálpaði honum úr þessum kröggum; hann dó skömmu síðar í Eyjafirði og sögðu landar hans, að Íslendingar hefði drepið hann. Hann var ofstopi mesti, virti eigi lög eða rétt landsmanna, en hafði í hótunum við þá og kallaði mörlendur: „útlaga þræla".

Árið 1306 vilja Íslendingar, að konungur samþykki Gamla sáttmála. Þeir neita að hafa aðra lögmenn og sýslumenn en íslenzka, og engar utanstefnur vilja þeir hafa, „framar en lögbók vottar, því að þar höfum vér margfaldan skaða af fengið, og við það þykjumst vér eigi búa mega." — Einnig neita þeir að gjalda meira en þeim bar.

Espólín segir, að á alþingi 1306 hafi lögmennirnir átt saman í deilum, því að sín lög sór hvor þeirra um skattgjald til konungs, og þá hafi alþingi lagst niður um nokkur ár fyrir þrjósku sakir.

Árið eftir komu þeir Haukur Erlendsson lögmaður og Bárður Högnason út með konungserindi; og með ráði Hauks setti Árni Helgason biskup í Skálholti spítala handa lærðum mönnum að Gaulverjabæ í Flóa, og skyldi hver prestur gjalda eina mörk til hans, er hann vígðist, og hélzt þetta lengi.

Tveimur árum síðar (1309) brann Skálholtskirkja til kaldra kola og þar með 14 silfurbollar og margir dýrgripir úr gulli og silfri, tjöld kirkjuklæði, bjöllur, rekkjubúnaður, salún, klukkur, bækur o.s.frv.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En bjergað var úr brunanum: 18 bókum, hinum bestu bóglum, kaleikum og hinu dýra og skrautlega skríni Þorláks helga. — Margt hefir verið í kirkju þessari merkilegt. Þá var leitað samskota um allt land til kirkjugerðar á ný og tóku menn vel í það. Biskupinn sótti kirkjuviðinn til Noregs og þar gáfu margir menn ýmsar gersemar til kirkjunnar, þar á meðal konungur og drottning. Kirkjan var reist 1311 og var hún eitt hið stærsta timburhús, sem á þessu landi hefir verið byggt, og er sagt, að enn sjáist fyrir undirstöðu hennar í kirkjugarðinum í Skálholti.

Hákon háleggur dó 1319, og sendi þá ríkisráðið í Noregi Gunnar nokkurn „ráðsvein" til Íslands og átti hann að taka hollustu-eiða af landsmönnum handa Magnúsi konungi smekk. Íslendingar tóku því fjarri „að hylla hann" fyr en þeir fengju af honum staðfest réttindi landsins. Árið eftir hylla þeir Magnús, og má þó telja víst, að þeir hafi fengið óskir sínar uppfylltar, þótt ei sé þess getið.

Magnús smekkur reyndist Íslendingum góður, að minsta kosti meðan Ketill Þorláksson var hirðstjóri. Hann var ágætur höfðingi, sem virti lög og réttindi þjóðar sinnar og unni ættjörðu sinni. Eftir 1340 hófst ný óstjórnaröld, er byrjaði með því, að norskur biskup, Ormur Áslaksson á Hólum, kúgaði fé af Norðlendingum og refsaði þeim harðneskjulega fyrir ýmis smábrot. Hann var biskup frá 1342-1356. Norðlendingar bundust samtökum, að viðlögðri 5 hundraða sekt ef einhver skærist úr leik, móti kúgun og yfirgangi biskups.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Biskup fór þá til Noregs og fékk hjá konungi verndarbréf og langt

áminningarskjal til Íslendinga. Og þegar hann kom aftur var hann hálfu
verri en áður og bannfærði mótstöðumenn sína tafarlaust, en
þeir létu það eigi á sig festa. Biskup tók þá með valdi nokkra
sveina frá höfðingjum og hafði í varðhaldi. Höfðingjar þessir
máttu kaupa þá út dýru verði. Ormur fékk konung til að
samþykkja að ~~staðfesta~~ kristinn rétt, Árna Þorlákssonar skyldi einnig gilda á
Norðurlandi (1354). Svo fór að lokum, að biskup helzt eigi við
á Hólum, því að menn voru honum erfiðir. Hann fór þá utan
og fékk hart áminningarbréf til Norðlendinga; það var þriðja og síðasta
bréfið þess efnis. er biskup fékk hjá konungi, því að hann
dó í Noregi 1356, eftir 14 ára biskupsstjórn. En langstum hafði
hann verið í Noregi að rógbera Íslendinga og eyða því fé, sem
hann kúgaði af fátækum bændum.

Frá 1323–1465 voru í Skálholti stöðugt útlendir bisk-
upar, nema 1413–25. En á Hólum voru útlendir biskupar
frá 1342–1520. Þessir biskupar voru: norskir, danskir og
jafnvel enskir, fæstir nytsemdar menn, en margir þeirra
mestu óþokkar. Þeir samþýddust eigi landsmönnum og
létu sig litlu skifta við hver kjör þjóðin átti að búa. Þeir
skildu eigi tungu landsmanna, né fornar bókmentir og lít-
ilsvirtu þjóðerni og þjóðsiði. Margir þeirra sátu lengst í
Noregi, en kúguðu fé af mönnum og eyddu því í óhófi. X

X Einn af Skálholts biskupunum kallaðist Skurð-Grímur. Hann var biskup í þrjá mánuði 1321 og eyddi á þeim tíma þrem hundruð hundraða í stórveizlur og óhóf, en lét skera niður 300 fjár og var því Skurð-Grímur nefndur. — Hann gaf upp öndina skyndilega mitt í svalli sínu

— Á seinustu árum 14. aldarinnar voru þó tveir nýtir útlendir
biskupar, þeir Pétur á Hólum og Vilkin í Skálholti. Þeir voru
í flestu sómamenn og létu báðir semja máldaga yfir allar kirkj-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ágnir. Auðunn rauði, biskup að Hólum 1315–1321 var einnig mikill nýtsemdar maður, þótt oft ætti hann í deilum við stórbokka. Hann lét Norðlendinga sverja sér hollustu, þegar hann settist á stólinn, var mesti höfðingi í lund og frábær atorkumaður, trúmaður mikill og skyldurækinn í störfum sínum. Hann lét fyrstur manna gera ofnbaðstofu hér á landi. Stofa þessi var svo stokklögð og úr góðu efni, að hún stóð í skorðum til 1800, að stóllinn var fluttur frá Hólum, og þá var hún rifin, nálega 500 ára gömul. Í henni voru járnbitar eftir Auðunn. Hválkari lét hann gera úr höggnum steini, með járnhurð fyrir og mátti í því verja fyrir eldsvoða dýrgripi kirkjunnar og stólsins. Auðunn biskup var gestrisinn maður, og „sigraði marga óvini sína með glaðværð og örlæti". – Hann hafði dálæti á beinum Guðmundar góða, lét taka þau úr jörðu og gera um þau skrín mikið, og gerðist þá aðsókn mikil til hans, og hétu menn á Guðmund um land allt. Áður vissi enginn hvar leiði Guðmundar var, nema gamall smiður, er Hallur hét; bein Guðmundar þekktust vel á því, að „fótleggir hans voru auðkenndir af hnútum og brotum, er hann hafði þolað".

Eftir miðja 14. öld leigði konungur alla verzlun landsins. Hjá leigjendum þessum var verzlun oft ill, en þeir rökuðu saman fé á ýmsan hátt. Verzlun landsmanna lagðist niður að mestu á Sturlungaöldinni, og eftir það verzluðu hér mest Norðmenn. En þegar ill voru ár og ísalög um landið, komu ýmist fá eða engin skip með vörur til landsins; og mun það ákvæði í Gamla sáttmála, að konungur sendi hingað árlega 6 vöruskip

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stafa af þessu; landsmenn vildu tryggja sér ált ár, nauðsynja-vörur til landsins, (tvö skip á Norðurl., tvö á Suðurl. og eitt á Vestfirði og eitt á Austf.)

Um og eftir 1300 fara Þjóðverjar að sigla hingað. Konungur veitir Hamborgarkaupm. (1396) einum verslunar leyfi í öllum löndum Noregsveldis, ~~gegn vissu gjaldi;~~ ~~í öllum löndum Noregsveldis~~ gegn vissu gjaldi. Landsmönnum þótti miklu betra að skifta við Þjóðverja en Norðmenn, sem oft höfðu skemdar vörur og rándýrar ~~...~~. En 1302 bannar konungur öllum utanríkismönnum að verzla hér ~~gegn~~ að viðlögðum sektum; þó héldu Þjóðverjar áfram komum sínum og verzlun. Þetta verzlunarbann var endurnýjað 1348 og Björgvinjarkaupmönnum einum leyfð hér verzlun. Þó hafði erkibiskup ~~inn~~ leyfi að skifta við Íslendinga, senda hingað 30 lestir af mjöli og fá fyrir það íslenzkt vaðmál handa klerkum sínum; síðar mátti hann flytja héðan brennistein og fálka. Biskuparnir höfðu einnig sérstök verzlunarleyfi, og höfðu skip í förum, milli Íslands og Noregs. En konungur sveikst um að senda árlega 6 vöruskip til landsins, og var það bagalegt í harðæri. En oft komu þó nógar vörur til landsmanna. Engin skip komu til Íslands 1326, 1350 ~~og~~ 1355 (og 1375) og að eins eitt skip 1324, og 1333 (og 1357) — En stundum komu mörg ~~t.d.~~ 21 árið 1347, 12 (1340) og 11 (1345). Árið 1323 lágu 5 skip í einu á Eyjafirði og 1341 6 skip í Hvalfirði og voru þá fjögur nýfarin þaðan út.

Ívar Hólmur var hér hirðstjóri 1354 og hafði hann leigða alla verzlun landsins um þrjú ár. Þar næst eru hér í senn fjórir hirðstjórar: Andrés Gíslason, Jón Guttormsson skráveifa, Árni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórðarson og Þorsteinn Eyjólfsson; þeir höfðu einnig verslunar leyfi um þriggja ára tíma og tóku við landstjórn 1358. Þeir voru tveir yfir Vesturlandi og Norðurlandi og tveir yfir Suðurlandi og Austurlandi. Þessum herrum kom eigi vel saman, en hugnaði landsmenn samviskuleysi. Tveir þeirra brútust á alþingi (1361) út af ránsfénu. Um þessar mundir varð Smiður nokkur Andrésson hirðstjóri, illa kyntur, óþokki. Þá var Jón Eiríksson Skalli biskup á Hólum, norrænn gallagripur, og hafði fyrst verið biskup á Grænlandi. Norðlenskir prestar neituðu allir að veita honum hlýðni, og kölluðu hann Grænlendingabiskup, Hann sýndi engin skilríki fyrir því, að hann væri rétt kjörinn biskup; þó var hann hér 33 ár biskup. Um þessar mundir deildu Norðlendingar við Jón Skalla. Smiður lét þetta sér við koma og átti fund við bændur á Hólum 14. apríl 1362, en samkomulag varð ekkert og varð þá Smiður reiður og kallaði ýmsa merka höfðingja landráðamenn. Jón skráveifa ~~(hestamaður)~~ vingaðist við Smið og varð því lögsögumaður. Þó var Jón óþokki og lítilsigldur. Um sláttarbyrjun þetta ár fór Smiður og Jón skráveifa norður með 30 manna og ætluðu, að því er sagt var, að taka af lífi helzta óvini biskups. Smiður var ~~mjög kvennsamur~~ kvennamaður mikill og heimti konur í rúm til sín hvarsem hann gisti. Hann kom að Grund 7. júlí og bað þar um gistingu ~~gistingar~~ með menn sína. Einar bóndi ~~hennar~~ Eiríksson var eigi heima, en Helga kona hans, skörungur mikill, tók við Smið. En þá vildi Smiður fá kvennmann til sín. Hún tók því líklega og veitti þeim félögum vel, en sendi um kvöldið eftir liði um héraðið. Smiður og menn hans voru drukknir mjög um nóttina og um miðjan morgun komu Norðlendingar og tóku

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~190~~

hús á þeim (8. júlí). Þar var barist með ákefð og féllu þeir Smiður og Jón Skráveifa; að eins 6 mönnum komust af þeim félögum í kirkju og þágu grið.

Frá 1375 er hin svonefnda „Árnesingaskrá", rituð og samþykt í Skálholti. Það er allsherjar samtök Íslendinga til að vernda landsréttindi sín. Samkvæmt þeirri skrá vilja þeir halda alla þegnskyldu við konung, og hafa lög og landsréttindi eftir lögbókinni. Þeir vilja eigi aðra lögmenn en þá, sem eru íslenzkir og samþyktir í lögréttu og ~~[illegible]~~ haldi hlýðni við konung og lög við þegnana; — einnig vilja þeir einungis íslenzka sýslumenn o.s.frv.

Árið 1387 gekk Ísland með Noregi undir Danakonung við dauða Ólafs Hákonarsonar. Íslenzkt stjórnarfar breyttist eigi neitt við það fyrst um sinn. Norðmannakonungar höfðu þrásinnis traðkað löggjafar- og dómsvaldi alþingis og ráðist á landsréttindi þjóðarinnar. En þrátt fyrir allar slíkar árásir, héldu Íslendingar fast við Gamla sáttmála~~nn~~, er þeir höfðu fyrir sér sem einskonar stjórnarskrá.

Margrét drotning, dóttir Valdimars Atterdags, sendi erindsreka sinn til Íslands árið 1392, og átti hann að fá landsmenn til frekara skattgjalds, en lögum var samkvæmt. Hún bað um hálfa mörk af hverjum bónda, og var lögð við landráðasök ef eigi væri goldið. Þessu tóku landsmenn þunglega. En þó fékk Vigfús Ívarsson hirðstjóri (Íslendinga ~~[illegible]~~) til þess á alþingi (1393) að gera Margréti drotningu útlausn. Sagt er að allir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

helztu bændur á þingi, nema Eyfirðingar, hafi lofað ~~lofuðu~~ að gefa henni 8 álnir vaðmáls í eitt skifti fyrir öll, en það skyldi þó eigi heita skattur og þeir vildu engar fjárbeiðnir optar.

89. Nafnkunn er Sturlungaöldin fyrir ófrið og siðleysi í landinu. En þó munu sjaldan meira hafa borið á grimd, illdeilum og öðru siðleysi en á 14. öldinni. En frá þessari öld eru færri nákvæmar sögur en 13. öldinni. Hirðstjórar og aðrir embættismenn áttu í sífeldum deilum, drápu menn saklausa eða saklitla. Þegar þeir urðu landrækir fyrir manndráp flýðu þeir á konunganáðir, skriðu þar flatir og rógbáru aðra sér betri menn, náðu svo konungshylli og komu út aftur sem konunglegir embættismenn og erindsrekar. Eiríkur hét maður, Guðmundsson; hann drap saklausan mann á jólanóttina 1385 með Guðmundi ~~sonar~~ syni ~~syni~~ Orms lögmanns Snorrasonar ~~syni~~. Eiríkur flýði úr landi og kom árið eftir sem hirðstjóri Íslendinga! En fyrir afsa hans og yfirgang var hann drepinn árið eftir.

Einn af Skálholtsbiskupunum hét Mikhael (1383–1391) Hann veitti landsmönnunum svo þungar búsifjar, að þeir gerðu uppreist gegn honum. Hann flýði þá til Noregs og margir prestar með honum, en þá voru flestir ~~þeir~~ prestar embættislausir í Skálholtsbiskupsdæmi sem eftir voru, og gekk þá skrykkjótt með kristnihald og kristindóm þau árin.

Enn var fornaldarbragur á öllu þjóðlífinu og mönnunum yfir höfuð. Menn gengu vopnaðir, hversu skamt ~~hvað stutt~~ sem þeir fóru frá heimilum sínum, og mikill vígahugur var í flestum; var oft

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

142

öxin látin skera úr málum manna, enda sjaldan hér á landi verið jafnmikil siðspilling og á þessari öld: þjófnaður, rógburður, morð, ódrenglyndi og lauslæti. Ekki kom þó þetta af því, að refsingar færi framhjá breyskum mönnum. Af dæmafárri grimd voru refsingar á 14. öld og þá var sterk trúin á píslir helvítis. Sem dæmi má geta þess, að kvenmaður og karlmaður voru kviksett með lögum 1331; nunna brend lifandi 1343 í Kirkjubæjarklaustri, því að hún talaði óvirðulega um páfann og sakramentið. – Kviksettur var maður 1357 fyrir að hafa samræði með [(Gunnar síðar fyrir morð)] [illegible] kúm. – Slík dæmi og þetta mætti mörg finna. Kviksetning var þyngsta hegningin.

## 5. Búnaður á 13. og 14. öld

Alt til þessa tíma sögunnar var eigi orðin mikil breyting á atvinnuvegum þjóðarinnar. Fiskveiðar stunduðu landsmenn á líkan hátt og áður. Húsakynni, klæðnaður, mataræði, mannfagnaður og skemtanir ~~voru~~ var alt með fornaldar sniði. En þá voru miklu auðugri bændur, en á Söguöldinni, þó eigi væri efnahagur þjóðarinnar í heild sinni sérlega glæsilegur. Á 13. og 14. öld er allur þorri manna fremur fátækur, en einstöku menn stórríkir. Sumir jafnvel eins ríkir og nú eru heilar sveitir, eða á borð við 40–100 efnabændur eftir nútíðar mælikvarða.

Enn þá var akuryrkja stunduð í landinu, þótt misjafnlega arðvænleg hafi hún verið í sumum árum, einkum nyrðra. – Í máldögum Vilkins ~~Vilhjálms~~ biskups í Skálholti, frá Síðari-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hluta 14. aldar segir svo: „Vatnsfjarðarkirkja á svo mikla sáðjörð á Reykjanesi sem vill.“ – „Kirkjan (í Gaulverjabæ) á akurland undir sæling korns að Loftsstöðum. Þeir, Gaulverjar eiga korngarða að gera.“ – Gufudalskirkja átti þá ~~land~~ akurland að Skálmarnesi. Kirkjan í Miklaholti átti akurland í Skóganesi. Viðeyjarklaustur mátti hafa svo marga hesta í haga, utan túns og akra sem þurfti, að Hólmi á Akranesi, þegar viður ekki annað var þangað sótt. – „Þá var sumar svo hart (1384), að spilltust mjög akrar og ~~engi~~ hey.“ – Kristinnréttur Jóns erkibiskups segir (1253): að leyfilegt sé að flytja korn og hey á sunnudögum í hlöður, allt til kvölds. – Í Grágás er víða talað um akuryrkju og gert ráð fyrir þeirri atvinnu; einnig í Járnsíðu og Jónsbók. Um aldamótin 1200 var Viðey öll einn akur; – þá spilltu mýs ökrum. Þorlákur biskup vígði þá eyna, nema nes eitt, sem hann bannaði að eiga. Þangað hlupu mýsnar; en síðar plægðu menn nesið og segir sagan, að þá hafi allar mýsnar hlaupið um alla eyjuna. – Þessi var nú trú manna þá.

Ýmis örnefni í landinu benda á akuryrkju, þar á meðal um 30 bæjanöfn t.d. Akureyri, Akranes, Akureyjar o.s.frv. Í formálanum fyrir Æfisögu Guðmundar góða segir Arngrímur ábóti á Þingeyrum (~~eftir~~ um miðja 14. öld): „~~Á Íslandi eru eigi skógar nema~~ Skógar ~~eru~~ eru þar (þ.e. á Íslandi) eigi utanbjörk, og þó lítils ~~háttar~~ vaxtar; korn vex á fá~~um~~ stöðum sunnanlands, og ~~þá~~ eigi nema bygg.“ – Ég hefi það fyrir satt að hér sé oflítið gert úr akuryrkju Íslendinga á 14. öld. Höfundinum, líklega eigi þekkt alla þá staði á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~144~~

Suðurlandi, sem korngirkja hefir verið á; — landið er víðáttumikið og samgöngur voru þá eigi tíðar sem nú. Á mjög mörgum stöðum var þá ræktað bygg og líklega korn, (~~hvað sem Steingrímur fróði segir~~). En eftir svarta dauða legst akuryrkja að mestu leyti niður. Þó stundaði (~~Einar fróði~~) Marteinn biskup (og faðir hans) ~~[illegible]~~ akuryrkju og á 17. öld Gísli sýslumaður ~~lögmaður~~ Magnússon bæði að Munkaþverá og Hlíðarenda. — Á 18. öld ræktuðu ýmsir korn með góðum árangri, er síðar verður minnst á.

## 6. Harðæri og óáran.

Harðærissaga þjóðarinnar er raunasaga, því að hún sýnir allar þær margvíslegu hörmungar, sem þjóðin hefir orðið að þola, sumpart af völdum náttúrunnar og sumpart fyrir sína eigin vanhyggju, dáðleysi, (og) vantrú og hleypidóma. Hafís~~inn~~, eldur~~inn~~, landskjálftar~~nir~~ og drepsóttir~~nar~~ hafa þjakað þjóðinni og landinu öld eftir öld. En meðan menn trúðu því, að þetta allt væri refsidómur fyrir syndir mannanna, er guð sendi af náð sinni mönnum til viðvörunar og sáluhjálpar, var eigi við því að búast, að mikið væri gert til þess að verjast falli. — Fátæktin og valdið var líka guði kært. En þrátt fyrir allt ~~þetta~~ átti þjóðin svo mikið til af fornum, heilbrigðum lífskrafti, að hún hefir þrátt fyrir allar þrautir sínar geymt og varðveitt þjóðerni sitt, forneinkenni og ákvæðum fram á þennan dag. — Ég set hér í fáum orðum örfá atriði til sýnis um harðæri og óáran til 1400. — Enda má með sanni segja, að mestar ~~[illegible]~~ þessar hörmungar á 13.–14. öld

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hrafna-Flóki fékk að kenna á fyrstu harðærið ~~tímanum~~ árum (um 865), því að hann misti bústofn sinn í Vatnsfirði og ~~Arnarfjörður~~ Ísafjörður (?) var fullur af ísum vorið. Það lá einnig við, að kvikfén eftir Helga magra féll, er hann nam Eyjafjörð. Hérum bil 100 árum síðar (976) var hér hungursneyð, margir dóu úr megurð, börnum og gömlum mönnum var hrundið fyrir björg; — hrafnar, tóur og allt (sem tönn festi á var etið) ~~etið~~. Níu árum síðar var harður vetur, og um aldamótin 1000 voru hörð ár. Árið 1056 gengu flestir til alþingis, því að vegir voru ófærir og verharðindi mikil. Þá sendi Haraldur konungur Sigurðarson fjögur skip til Íslands með matvöru, eitt í hvern landsfjórðung, og leyfði að flytja fátækt fólk af Íslandi til Noregs. Þá var étið allt sem tönn festi á — og þó dóu margir. 1078 vetur „hinn mikli", 1105 Sauðfalls-vetur, 1118 Undravetur og 1120 voru ~~..~~ mikil harðindi og fólk féll úr hungri. Eldgos og manndauði var 1150. En 1181 var: „Sóttavetur" og grasleysissumar á eftir; í 7 ár voru þá sífelld harðindi mikil, manndauði, skepnudauði og grasleysi á sumrum. Árið 1200 var vetrarharka mikil; og sagt að 1203-4 hafi fallið 2000 manna úr sulti. Bæði jarðskjálftar og grasleysi var 1212, en 1225 féllu 120 naut hjá Snorra Sturlusyni á einu útibúi hans, Svignaskarði; árið eftir dó fólk úr hungri. Árið 1233 nefndist veturinn „Svellavetur"; — þá voru ísar í kringum mestallt landið allt sumarið. Hörð ár voru 1252, 58 og 59 (Snjófall ákaft 10. ágúst). Árið 1261 var hafís í kring um allt land og mikill fjárfellir, einnig var fjárfellir 1275. En 1279 var frostavetur með fádæmum, voru margir firðir með lagnaðarís allt sumarið, og hafís nú fyrr.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~146~~

þá var eigi hægt að róa til fiskjar nema á stöku stöðum allt sumarið.
1284 fjárfellir og mannfellir á eftir. Þá var og mikill snjóavetur,
1291 skepnu og manna fellir, og tveim árum síðar grasleysi mikið. 1306
gekk mikil sótt, sumir segja bólusótt og margt fólk dó, sem yngra
var en fertugt, svo að skifti þúsundum. En nokkru áður, 1300, var
eitt hið mesta gos úr Heklu. Þá rifnaði fjallið niður í gegn, og
féll askan norðanum land; gosinu fylgdu miklir jarðskjálftar svo
að bæir féllu. Jörðin huldist af öskufalli. 6 þumlunga þykt lag í
Borgarfirði og Dalasýslu. 1308 voru jarðskjálftar á Suðurlandi og
féllu bæir. 1309 gekk drepsótt á Norðurlandi og 1310 bólusótt.
Tvö árin næstu sífeldir jarðskjálftar, síðara árið óþurkasum-
ar, svo að heybjörg varð lítil (náðist fyrst inn lítið eitt síðast í ágúst og september) — 1313 var mesti snjóa og frostavet-
ur og frusu fætur undan hestum og sauðfé; (þetta ár var eigi haldið alþingi) Þá var mikill
hafís fram eftir sumri og manndauði; veturinn kallaðist
„Eymuni“ Árið eftir mannfall af sulti og hafís — 1315 spratt
eigi gras fyrir þurkum, og höfðu þá 7 harðindaár mikil
gengið í röð á undan. Árin 1320, 21 og 23 voru hvert öðru
verra svo að bæði féllu menn og skepnur; síðasta árið mátti heita
vetur til Jónsmessu í júní. Árin 1330, 1331 og 1332 voru ill, þá
voru ísar, grasleysi, eldgos sóttir og manna og skepnu fellir, og
var 1331 Fellisvetur hinn mikli. Veturinn 1336 gerði svo
mikla snjókrið um jólin að bæjar- og skepnuhús brotnuðu
undan snjóþunganum, og komust menn eigi langa milli
bæja. Nokkrum vikum síðar rifnaði jörðin og 50 bæir féllu
af jarðskjálfta. — Árið 1340 var svo góður vetur, að egg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur